



Nefndasvið Alþingis
við Austurvöll
101 Reykjavík

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rauðarárstígur 25, 105 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Reykjavík, 11. mars 2015

Tilvísun: UTN15020271/03.G.002; 50.F.561
HSK/BM

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fríverslunarsamning við Japan 144. löggjafarþing 2014-2015. Þingskjal 129 - 127. mál

Vísað er til erindis utanríkismálanefndar Alþingis, dags. 20. febrúar sl., þar sem ráðuneytinu er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um fríverslunarsamning við Japan, 127. mál.

Í umræddri þingsályktunartillögu er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning fríverslunarsamnings við Japan á grundvelli yfirlýsinga japönsku ríkisstjórnarinnar um að auka hlut fríverslunar í milliríkjavíðskiptum. Í tillögunni kemur m.a. fram að umtalsverð viðskipti eru milli ríkjanna. Mikill ávinningur yrði af fríverslunarsamningi sem kvæði á um tollfrelsi fyrir sjávarafurðir, enda sé Japan mikilvægur markaður fyrir sjávarafurðir s.s. karfa, grálúðu, lax, loðnu og loðnuhrogn. Sömuleiðis yrði fríverslunarsamningur íslenskum neytendum til hagsbóta við kaup á japönskum vörum hér á landi. Japönsk stjórnvöld hafi á undanförunum áratug opnað viðskipti sín við útlönd með gerð fríverslunarsamninga. Í ljósi þess að annað EFTA-ríki, Sviss, hefur þegar lokið fríverslunarsamningi við Japan sé tímabært að Ísland óski viðræðna um fríverslun og í sama ljósi standi tæpast gild rök gegn slíkri ósk.

Íslensk stjórnvöld hafa um árabil knúið á um það gagnvart japönskum stjórnvöldum að gerður verði fríverslunarsamningur milli landanna. Fyrir um áratug leituðust EFTA-ríkin mjög eftir því að fá Japani til að hefja fríverslunarviðræður. Japanir höfðu hins vegar ekki áhuga á slíkum viðræðum við EFTA-ríkin sameiginlega og kom m.a. fram hjá japönskum stjórnvöldum að þau vildu ekki opna frekar markað sinn fyrir íslenskar og norskar sjávarafurðir með tollaniðurfellingum. Þess í stað gerðu Japanar fríverslunarsamning við Sviss, eitt EFTA-ríkjanna.

Íslensk stjórnvöld hafa síðan ítrekað farið þess á leit við japönsk stjórnvöld að hefja fríverslunarviðræður, en Japan hefur hingað til ekki fallist á þá málaleitan. Í nóvember sl. heimsótti utanríkisráðherra Japan og átti m.a. fund með utanríkisráðherra landsins. Þar lagði

utanríkisráðherra áherslu á samstarf ríkjanna á sem breiðustum grunni og taldi mikilvægt að Japan horfði einnig til þess að gera fríverslunarsamning við þau EFTA-ríki sem ekki væri þegar samningur við. Verður þeirri málaleitan haldið áfram.

Í þessu ljósi tekur ráðuneytið fyllilega undir þau sjónarmið sem fram koma í umræddri þingsályktunartillögu um að mikill ávinningur yrði af fríverslunarsamningi við Japan sem kvæði á um tollfrelsi fyrir sjávarafurðir. Slíkur samningur myndi jafnframt samræmast vel stefnu ríkisstjórnarinnar í utanríkisviðskiptum.

F.h.r.

Urosni E Kristjánsson